

HLJÓÐSTAFIR

Aðkomutákn Mosfellsbæjar

Hið unga bæjarfélag Mosfellsbær vex við sérstakar aðstæður á Íslandi. Bærinn hefur annars vegar ríka tengingu við sveitina: Kjósina og Bláskógarbyggð og svo hins vegar höfuðborgina og hið urbaníska líf sem þar dafnar. Þess vegna blómstra í Mosfellsbæ bændur og hestamenn í sátt við listamenn og lögfræðinga. Þessi suðupottur skapar frjóan jarðveg sköpunar. Afrek Sigur Rósar og Kaleo bera vott um þennan anda sem hefur sigrað heiminn.

Og það er meira. Stofnun og uppbygging Air Atlanta. Reykjalund sem þjóðin sækir heim til að læknast. Skálatún og þjónustu við fatlaða. Ræktun matvæla uppí Dal. Álafosslopinn. Steindi Jr. og Gréta Salóme. Fornleifar að Hrísrú og silfur Egils. Feðginin Guðný Halldórsdóttir og kvikmyndirnar. Faðir hennar Halldór Laxness - nóbelskáldið og bókmenntirnar. Mosfellsbakarí og sundlaugar. Hestamennska og útivist. Allt þetta er sönnun um stórkostlega uppsprettu hugvits og framtakssemi.

Hljóðstöfunum er ætlað að festa í sessi þennan anda. Ullin á milli glersins minnir á starfsemi á einum fegursta byggða hluta þjarins, Álafosshvosinni á meðan mynstrið minnir okkur á jarðlögin sem eru vísbending um mörg hundruð ára sögu staðarins.


Þó svo að ekki sé tekin afstaða til nákvæmrar staðsetningu tákanna er það von að gangandi og hjólandi hafi aðgang að stöfunum því þeir eru í raun hljóðfæri. Hægt er að spila á strengi innan í strúktúrnum sem er óður til framúrstefnulegrar tónlistar sem bærinn hefur alið af sér.


Hugmyndafræði

- ① Óður til Álafoss
Á milli glerpilja er ómeðhöndluð ull, í það þunnu lagi að innbyggð lýsing nái í gegn. Þannig virka stafirnir eins og lukt í rökkrunu.
- ② Óður til sögu aldanna
Ullinn á milli glerpiljanna er tilvísun til sögu aldanna.




Úlfarsfell






Útlit
1:50

Snið A-A
1:50



Grunnmynd
1:20



sögunnar og minnir á jarðlogin þegar gratio er eftir fornleifum.

③ Óður til tónlistarinnar
Inní strúktúrnum er strengdir strengir í mismunandi lengdum. Þegar gestir snerta strengina heyrist hljóð. Kannski er mismunandi hljóð hvort sem er notaður steinn eða grein.

Samsetning

- ① **Burðarvirki**
Stúkturinn á að vera einfaldur og í raun er hér sama byggingaraðferð og þegar til dæmis fjarskiptamöstur eru reist. Form rammanna sem eru úr stáli styrkja strúktúrinn en vírar, sem um leið eru strengir í hljóðfærinu styrkja strúkútrinn.
- ② **Rammar**
Rammarir eru tvö gler sem eru eins og hefðbundið gluggagler í húsum. Þar sem er loftbil á að troða ómeðhöndlaðri ull í misunandi litum sem skapa mynstur. Ullarlagið er þunnt, þannig birta frá LED ljósum skína í gegn þegar rökkva tekur.
- ③ **Undirstöður**
Hljóðstafanna eru úr steinsteypu en skulu vera huldir jarðvegi sem finnst á þeim stöðum sem þeir munu rísa. Þannig eru mismunandi aðstæður á milli til dæmis Leirvogsár og við Úlfarsfell.

Eiginleikar

- ① **Einkenni**
Hljóðstafnir eru það fyrsta sem vegfarendur sjá þegar komið er inn í Mosfellsbæ. Það er því ekki á milli mála að í bæinn er komið. Í þessari tillögu var reynt að horfa til sögu og listarinnar sem hefur blómstrað í bænum og hins daglega lífs.
- Strúktúrinn er hannaður til að vera innblástur þessa fólks sem byggir bæinn og ekki síst ungum listamönnum og hönnuðum sem bæinn byggja og munu byggja.

Hljóðstafir - 07071903



Helgafell



Leirvogsá

